



Ársreikningur 2017

Handknattleiksdeild – barna-og unglingaráð



Efnisyfirlit

Áritun félagskjörinna skoðunarmanna	1
Áritun stjórnar	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9



Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir höfum skoðað ársreikning unglíngaráðs handknattleiksdeildar Gróttu fyrir árið 2017. Skoðun okkar hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að reikningsskilin gefi glögga mynd af afkomu og sjóðstreymi á árinu 2017 og efnahag í lok ársins.

Skoðunarmenn unglíngaráðs handknattleiksdeildar Gróttu staðfesta hér með ársreikning deildarinnar fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 18. apríl 2018

Rögnvaldur Dofri Pétursson

Bjarni Torfi Alfþórsson



Áritun stjórnar

Stjórn unglíngaráðs handknattleiksdeildar Gróttu staðfestir hér með ársskýrslu og ársreikning deildarinnar fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 18. apríl 2018

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir

Lovísa Ásgeirsdóttir

Saga Ómarsdóttir

Anna Björg Erlingsdóttir

Sigurbergur Steinsson

Helga Charlotte Reynisdóttir



Skýrsla stjórnar Handknattleiksdeild Gróttu 2017

Skýrsla barna- og unglíngaráðs handknattleiksdeildar Gróttu 2017

Starf 3. til 8. flokks karla og kvenna

Unglíngaráð veturinn 2017 - 2018 var þannig skipað:

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, formaður
Saga Ómarsdóttir, gjaldkeri
Anna Björg Erlingsdóttir, meðstjórnandi
Helga Charlotte Reynisdóttir, meðstjórnandi
Lovísa Ásgeirsdóttir, meðstjórnandi
Sigurbergur Steinsson, meðstjórnandi.

Arnar Jón Agnarsson var yfirþjálfari yngri flokka deildarinnar.

Iðkendur veturinn 2017–2018 voru **263**, sem skiptist í 118 stelpur og 165 stráka.

Handknattleiksdeild Gróttu tefldi fram samtals 35 liðum frá 8. – 3. flokki karla og kvenna á tímabilinu. Gróttu sendi lið á bæði Íslandsmóttin og í bikarkeppnina. Almennt hefur jákvæðni og gleði einkennt leik liðanna og hafa flest liðin sýnt góðar framfarir. Boðið hefur verið upp á séræfingar, þar á meðal einstaka markmannsæfingar, fyrir 6., 5. og 4. flokk karla og kvenna.

Skipting í lið 2015 – 2016 var eftirfarandi:

Flokkur	Konur	Karlar
3.fl.	1 lið	1 lið
4.fl.	2 lið	2 lið
5.fl.	2 lið	3 lið
6.fl.	4 lið	3 lið
7.fl.	4 lið	4 lið
8.fl.	5 lið	4 lið
Samtals	18 lið	17 lið

Aftek Gróttukrakkanna á vellinum hafa vakið athygli og á Gróttu nú nokkra leikmenn sem valdir hafa verið í yngri landsliði Íslands á tímabilinu. Uppskeruhátíð vegna starfsins veturinn 2016 – 2017 var haldin í lok maí 2017 þar sem iðkendur fengu viðurkenningarsskjöl fyrir þátttöku sína hjá deildinni ásamt viðurkenningu fyrir frammistöðu. Valgerður Ísaksdóttir fékk Bjargarbikarinn afhentan að þessu sinni.

Barna- og unglíngaráð handknattleiksdeildar Gróttu hélt þrjú mót fyrir yngri flokka á þessu tímabili. Fyrsta mótið sem Gróttu hélt var haldið í nóvember 2017 (5. flokkur kvenna, yngra ár). Því næst kom mótið fyrir 8. flokk í lok janúar þar sem tæplega 500 stelpur og strákar tóku þátt. Þar skein gleðin úr hverju andliti en margir voru þar að stíga sín fyrstu skref á handboltavellinum. Voru allir þátttakendur leystir út með verðlaunapening. Síðasta mót vetrarins í umsjón Gróttu var síðan haldið í byrjun mars en þá mættu til leiks 6. flokkur karla, eldra ár. Móttin gengu afar vel fyrir sig og mikil ánægja var meðal iðkenda, foreldra þeirra og þjálfara. Ber sérstaklega að þakka Björnsbakarí og Jóa Fel fyrir að styrkja móttin okkar. Þá voru spilaðir fjölmargir heimaleikir í 2. - 4. flokki karla og kvenna.

Ljóst er að margir þurfa að leggja hönd á plóg þannig að allt gangi vel fyrir sig, bæði á mótum sem og heimaleikjum. Barna- og unglingaráð er mjög þakklátt fyrir þá ómetanlegu vinnu sem fjölmargir aðilar hafa lagt til svo Gróttu sé sómi að, hvort sem þeir hafa tekið að sér dómgæslu, ritarastörf eða sjöppuvaktina. Í ár var samstarfið við leikmenn meistaraflokks karla og kvenna til fyrirmyndar þar sem þeir tóku að sér dómgæslu fyrir yngri flokka félagsins og stóðu yngri iðkendur í staðinn vaktina á kústinum á leikjum þeirra. En betur má ef duga skal og þarf að slípa þetta samstarf betur þannig að gangi enn betur fyrir sig.

Áfram er unnið eftir stefnu barna- og unglingaráðs deildarinnar þar sem áhersla er á að ná hámarksárangri í þjálfun með félagsleg og uppeldisleg gildi handknattleiksíðkunar að leiðarljósi. Stefnuna má finna á heimasíðu félagsins <http://grottasport.is/handbolti/stefna/>. Mikilvægt er að veita iðkendum tækifæri til að þroska sig sem einstaklinga, tileinka sér heilbrigðan lífsstíl til framtíðar og ekki síst að öðlast jákvæða sjálfsmynd og gott sjálfstraust innan vallar sem utan. Markmiðið er að handboltþjálfun sé skipulögð og markviss þar sem allir iðkendur fá verkefni við sitt hæfi og tækifæri til þess að ná framförum.

Gildi yngri flokka deildarinnar eru virðing, vinátta, metnaður og árangur sem þýðingarmikið er að allir sem koma að starfi deildarinnar tileinki sér. Öll gildin tengjast og leiða eitt af öðru. Í virðingu felst að þjálfari sýni öllum iðkendum athygli í því markmiði að kenna og styrkja hvern og einn, bæði sem leikmann og einstakling. Í því felst einnig að iðkendurnir sjálfir tileinki sér jákvæð viðhorf og samskipti sín á milli sem geta aftur leitt af sér dýrmæta vináttu til framtíðar. Góð liðsheild færir okkur ánægju þar sem gleðin er sett í öndvegi. Við slíkar uppbyggilegar aðstæður eru meiri líkur á að allir iðkendur fái notið sín og fái tækifæri til að taka framförum. Því öll getum við orðið betri.

Í því skyni að fylgja stefnunni eftir hófst starfið í ágúst 2017 með fundi barna- og unglingaráðs, yfirþjálfara og þjálfurum þar sem farið var yfir helstu áherslur stefnunnar og gildin.

Á fundinum var sérstök áhersla lögð á að þjálfarar og aðstoðarþjálfarar þeirra veiti öllum iðkendum sínum athygli og þeir hvattir til að fylgjast með frammistöðu allra, þar á meðal þeirra sem eru seinni til að tileinka sér nýja færni. Til að auðvelda þjálfurum að hafa yfirsýn yfir hópinn voru kynntir sérstakir gátlistar sem eru ætlaðir þjálfurum til að meta frammistöðu einstakra iðkenda og hvar þurfi að gera betur. Þá var farið yfir samskipti þjálfara við foreldra en ljóst er að þar standa þjálfarar frammi fyrir breyttu umhverfi í nútímasamfélagi. Foreldrar eru virkir þátttakendur í lífi barna sinna, eru meðvitaðir um líðan barna sinna og annt um velferð þeirra. Þar af leiðandi gera foreldrar meiri kröfur á þá sem vinna með börnum þeirra og var lögð áhersla á að þjálfarar mæti þessum auknum kröfum foreldra og leggi sig fram við að eiga jákvæð samskipti við foreldra jafnt sem iðkendur. Einnig var undirstrikað að foreldrar hafa oft ekki samband nema þegar eitthvað angrar barnið þeirra en börn ræða frekar um vanlíðan sína við foreldra en þjálfara. Skiptir þá máli fyrir þjálfara að hlusta vel á foreldra og skoða hvað unnt er að gera til að bæta líðan iðkanda. Þá skiptir ekki síður máli að þjálfarar ræði við iðkendurna sjálfa um hvernig gangi og líðan þeirra almennt í íþróttinni.

Jákvæð athygli þjálfara er jafnframt til þess fallin að auka áhugahvöt hjá börnum um að standa sig betur og verða virkir þátttakendur. Í því skyni að vekja upp metnað hjá ungum iðkendum skiptir máli að kenna þeim að setja sér viðuráðanleg markmið og mælikvarða til að meta að þeim hafi verið náð. Þar getur einnig góður stuðningur foreldra við börn sín um að ná tilsettu markmiði haft veruleg áhrif. Það var því eitt að verkefnum vetrarins að aðstoða iðkendur við að setja sér markmið ásamt því að veita leiðsögn um hvaða skref þurfi að taka til að ná þeim.

Þegar vel tekst til við að virða gildin okkar mun starfið okkar skila árangri. Árangur í starfi okkar er aðallega tvíþættur. Markmið starfsins með yngri flokkum er að skila góðum iðkendum sem koma til með að fá tækifæri í meistaraflokkum framtíðarinnar innan deildarinnar og helst þannig að fyrir hendi sé ákveðin breidd ólíkra leikmanna. Það sem er jafnframt mikilvægur árangur starfsins okkar er að skila samfélaginu okkar flottum og heilsteypum einstaklingum með Gróttuhjartað á réttum stað sem verða góðir félagsmenn framtíðarinnar. Þar með er ekki gert lítið úr mikilvægi einstaka titla sem kunna að vera markmið einstakra flokka en þar er mikilvægt að þjálfarar setji liðsheildinni raunhæf markmið. Í því sambandi verður ávallt að horfa til lengri en skemmri tíma og gefa iðkendum tækifæri á að spreyta sig á nýrri tækni þar sem misstök eru leyfileg.

Reglulega hafa þjálfarar verið hvattir til að kynna sér efni verkefnsins Sínum karakter ásamt áhugaverðu efni sem tengist þjálfun barna og ungmenna.

Barna- og unglingaráð handknattleiksdeildar og knattspyrnudeildar stóðu sameiginlega að fræðslu fyrir iðkendur er þau fengu Hreiðar Haraldsson, íþróttasálfræðiráðgjafa, til að halda námskeið fyrir iðkendur sína í 7. – 10. bekk grunnskóla (f. 2005-2002) og þjálfara þeirra þar sem áhersla var lögð á liðsheildina, mótun karakters á vellinum og hvernig unnt er að byggja upp góðan liðsmann. Markmiðið var að iðkendur læri að leggja reglulega vinnu við það að styrkja þann eiginleika hjá sér að vera „góðir liðsmenn“ á sama hátt og þeir leggja áherslu á mikilvægi þess að bæta snerpu, þol eða tækni. Það að vera góður liðsmaður er þýðingarmikið í hópíþróttum og stuðlar að aukinni liðsheild. Ráðgjafinn hitti iðkendur í hópum samtals þrisvar sinnum á sex vikna tímabili þar sem iðkendur voru látnir meta sig á þremur einkennum „góðs liðsmanns“ ásamt því sem þeir fengu fræðslu um efnið. Farið var yfir mikilvægi þess að byggja upp andlegan styrk íþróttafólks með áherslu á liðsheildina og þá sérstaklega þeim eiginlega að vera „góður liðsmaður“. Barna- og unglingaráð handknattleiksdeildar lýsti ánægju sinni yfir þessu samstarfi og standa vonir til að þessu samstarfi verði framhaldið. Einnig hefur ráðið áhuga á að skoða samstarfsmöguleika með knattspyrnudeildinni að því er varðar styrktarþjálfun yngri flokka. Þá þakkar ráðið aðalstjórn stuðninginn við þessa fræðslu en aðalstjórn stóð straum af kostnaði þess.

Barna- og unglingaráðið boðaði til sérstakra rýnifunda í mars 2018 með foreldraráðum yngri flokka ásamt áhugasömum foreldrum í stað þess að senda út könnun til foreldra. Fundirnir mæltust vel fyrir þótt hefðu mátt vera fjölmennari en mjög góðar ábendingar komu þar fram sem verða teknar áfram til skoðunar. Eiga efni þessara funda án efa eftir að koma ráðinu til gagns við að gera gott starf yngri flokka handknattleiksdeildarinnar enn betra á komandi misserum.

Yngri iðkendur fóru ekki varhluta af byggingarframkvæmdum en þrengdi mjög að starfi deildarinnar þegar í upphafi tímabilsins. Áhrifanna gætir sérstaklega hjá 5. – 3. flokki þar sem æfingartíminn er styttri og æfingar mjög seint á kvöldin sem ekki er æskilegt fyrir börn og ungmenni. Við horfum þó björtum augum til framtíðarinnar þegar deildin fær notið allra þeirra kosta sem nýtt íþróttahús mun bjóða.

Ráðið þakkar þjálfurum og aðstoðarþjálfurum yngri flokka handknattleiksdeildarinnar fyrir vel unnin störf í vetur og gott samstarf. Einnig þakkar ráðið Kristínu Finnbogadóttur, framkvæmdastjóra félagsins, og Kára Garðarssyni, íþróttastjóra félagsins, fyrir ómetanlega aðstoð og einstaka þolinmæði í garð ráðsmanna að vanda.

Seltjarnarnesi, 18. apríl 2018

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir

Formaður barna- og unglingaráðs handknattleiksdeildar Gróttu



Rekstrarreikningur 2017

Rekstrartekjur	Skýr.	2017	2016
Framlög og styrkir	3	38.284.084	35.972.350
Aðrar tekjur	4	12.544.428	13.201.754
		<u>50.828.512</u>	<u>49.174.104</u>
Rekstrargjöld			
Verktakagreiðslur		14.998.000	14.110.600
Styrkir til deilda (húsaleigustyrkir)		19.200.000	19.200.000
Áhöld, tæki og búnaður		739.245	3.325.602
Þátttaka og kostnaður vegna móta	5	14.442.466	12.900.957
Annar kostnaður		610.377	864.375
		<u>49.990.088</u>	<u>50.401.534</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)		838.424	(1.227.430)
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		1.941	10.003
Vaxtagjöld		(5.349)	(79)
		<u>(3.408)</u>	<u>9.924</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>835.016</u>	<u>(1.217.506)</u>



Efnahagsreikningur 31/12 2017

Eignir

	<i>Skýr.</i>	2017	2016
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur		3.890.488	3.178.729
Handbært fé		<u>432.948</u>	<u>49.971</u>
Veltufjármunir samtals		<u>4.323.436</u>	<u>3.228.700</u>
Eignir samtals		<u>4.323.436</u>	<u>3.228.700</u>

Eigið fé og skuldir

	<i>Skýr.</i>	2017	2016
Eigið fé			
Uppsafnað eigið fé frá fyrra ári		1.704.675	2.922.181
Tekjuafgangur ársins		<u>835.016</u>	<u>(1.217.506)</u>
Eigið fé samtals 6		<u>2.539.691</u>	<u>1.704.675</u>

Skuldir

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		<u>1.783.745</u>	<u>1.524.025</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>1.783.745</u>	<u>1.524.025</u>
Skuldir samtals		<u>1.783.745</u>	<u>1.524.025</u>

Eigið fé og skuldir samtals		<u>4.323.436</u>	<u>3.228.700</u>
------------------------------------	--	------------------	------------------



Sjóðstreymi 2017

Handbært fé (til) frá rekstri	Skýr.	2017	2016
Hagnaður ársins		835.016	(1.217.506)
Hreint veltufé (til) frá rekstri		835.016	(1.217.506)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur		(711.759)	(190.199)
Skammtímaskuldir		259.720	852.541
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(452.039)	662.342
Handbært fé (til) frá rekstri		382.977	(555.164)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		382.977	(555.164)
Handbært fé í ársbyrjun		49.971	605.135
Handbært fé í árslok		432.948	49.971



Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Handknattleiksdeild Gróttu er hluti af Íþróttafélaginu Gróttu á Seltjarnarnesi. Starfsstöð deildarinnar er staðsett við Suðurströnd 8 á Seltjarnarnesi. Þessi ársreikningur, handknattleiksdeildar Gróttu, er ársreikningur unglíngaráðs.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til deildarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Framlög og styrkir

	2017	2016
Húsaleigustyrkir	19.200.000	19.200.000
Ferðastyrkir	1.530.000	1.325.000
Rekstrarstyrkur	5.742.000	4.473.000
Sjálfsaflafé	10.027.926	9.965.000
Ýmis fyrirtæki	800.000	100.000
Lottó	984.158	909.350
	<u>38.284.084</u>	<u>35.972.350</u>

4. Aðrar tekjur

	2017	2016
Æfingagjöld	11.828.620	12.249.855
Tekjur af mótum o.fl.	715.808	951.899
	<u>12.544.428</u>	<u>13.201.754</u>



Skýringar

5. Þátttaka og kostnaður vegna móta

	<u>2017</u>	<u>2016</u>
Ferðakostnaður, innanlands	12.518.539	11.348.430
Þátttökugjöld	1.489.690	1.063.169
Annar kostnaður	434.237	489.358
	<u>14.442.466</u>	<u>12.900.957</u>

6. Eigið fé

	<u>Uppsafnað frá fyrra ári</u>	<u>Tekjuafg. ársins</u>	<u>Samtals</u>
Eigið fé 1/1	2.922.181	(1.217.506)	1.704.675
Afkoma f.f. ári flutt á uppsafnað eigið fé	(1.217.506)	1.217.506	0
Afkoma ársins	<u>1.704.675</u>	<u>835.016</u>	<u>835.016</u>
Eigið fé 31/12	<u>1.704.675</u>	<u>835.016</u>	<u>2.539.691</u>